

61

18. júní

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að kr. 5 100 000 til kaupa á nýjum diesel-togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar. Þó má ábyrgð þessi að viðbættum lánnum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af váttryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar eigi fara fram úr 85% af kostnaðarverði nýja togarans.

Ábyrgðin er háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

62

21. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 31. jan. 1956, um framleiðslusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að sökum aukins framleiðslu-kostnaðar við veiði, verkun og vinnslu síldar, sé nauðsynlegt, til þess að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur, að heimila framleiðslusjóði með lögum að hlaupa hér undir bagga á sama hátt og gert er um aðrar útflutningsvörur.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að gera breyting á lögum um framleiðslusjóð eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð síldar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar síldar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tonnur;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál síldar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða út framleiðslusjóði váttryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.